

Stjórnarfundur 10. nóvember 2015 í MR kl. 15.00-16.30

Viðstödd: Jóhanna Björk, Hulda Sif, Sigurbjörg Gylfa og Eyjólfur Már.

- 1) Félags- og vinnufundur FFÍ: Lokafrágangur á A2 módelprófi.
Ákveðið var að boða til félags- og vinnufundar að öllum líkindum 10. desember. Þeir sem geta og vilja (helst einn úr hverjum hópi) munu fyrst vinna við að klára prófið en við tekur svo hefðbundinn félagsfundur.
- 2) Sumarnámskeiðið 2016: Staða mála.
Eyjólfur greindi frá því að haft hafi verið samband við Háskólann í Rouen en svör ekki enn fengist. Hann var nýbúinn að senda ítrekun um svör. Ákveðið var að senda einnig fyrirspurn til Aix-Marseille-Háskólans.
- 3) Frönskukeppni framhaldsskólanema:
Jóhanna ætlar að athuga hjá sendiráðinu hvort álíka verðlaun verði í boði 2016 og verið hefur. Ný manneskja hefur tekið við þessum málum í sendiráðinu.
- 4) Fundur CEO í Kaupmannahöfn:
JBG sagði frá: Á fundinum voru, auk stjórnarinnar, 17 meðlimir. Rætt var um stöðu frönskunnar í þessum heimshluta þar sem hún á almennt undir högg að sækja. Jóhanna kynnti Edmodo-verkefnið sem hún og Sigurbjörg G. hafa unnið að. Einnig var rætt um heimsþingið í Liège á næsta ári þar sem verða aðalfundir undirsamtakanna og kosningar. Áhugi fyrir því að halda fund á Íslandi.
- 5) Fjárhagsstaða FFÍ og lausleg fjárhagsáætlun:
Styrkur kom inn frá SEF fyrir fundi CEO í Kaupmannahöfn, 200.000 kr. Einnig kom inn styrkurinn frá MMR (150.000 kr.) ásamt því sem félagsgjöldin eru að tínast inn. Eftir er að greiða til STÍL og CEO fyrir félagsaðild. Einnig á eftir að greiða stjórnarmeðlimum þóknun sína fyrir árið. Staðan nú er 234.247 kr.

Önnur mál:

- Heimsþing FIPF í Liège á næsta ári. Ekki fékkst styrkur frá SEF fyrir að senda fulltrúa en samþykkt var að leita annarra fjármögnunarleiða til að senda 1-2 fulltrúa (KÍ, franska sendiráðið og félagið sjálft gæti hugsanlega greitt hluta kostnaðar).
- Frönskukeppni á vegum CEO vor 2016. Jóhanna kynnir hugmyndir um hana á næsta félagsfundi.